

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Svandísi Svavarsdóttur um undirbúning að gerð nýs kennslu- og einkaflugvallar.

1. *Hvernig stendur undirbúningur að gerð nýs kennslu- og einkaflugvallar af hálfu Isavia og innanríkisráðuneytis, sbr. samkomulag ráðherra og borgarstjórnar Reykjavíkur frá 25. október 2013?*

Fjármunir til rekstrar, uppbyggingar og viðhalds flugvallakerfisins innan lands hafa verið mjög takmarkaðir undanfarin ár og er forgangsraðað í þágu öryggis flugvalla sem þjóna áætlanarflugi. Hingað til hafa því ekki verið veittir fjármunir til að byggja upp sérstakan æfinga- og einkaflugvöll og undirbúningur því ekki hafinn.

2. *Hvaða starfsemi mun áformaður flugvöllur nýttast?*

Áformaður flugvöllur yrði fyrst og fremst nýttur til æfinga-, kennslu- og einkaflugs. Ef notkun flugvallarins yrði umfangsmikil gætu opnast möguleikar fyrir flugtengda þjónustu, svo sem viðhald einkaflugvéla og eldsneytissölu.

3. *Hvaða staðir hafa verið teknir til athugunar sem vallarstæði?*

Ekki hefur verið unnin úttekt á mögulegum staðsetningum fyrir kennslu- og einkaflugvelli en árið 2012 vann Isavia greinargerð um mögulegan flugvöll á Keilisnesi fyrir æfinga-, kennslu- og einkaflug. Greinargerðin fjallaði eingöngu um landfræðilegar forsendur en veðurfræðilegar upplýsingar liggja t.d. ekki fyrir. Keilisnes er því möguleg staðsetning fáist fjármunir til frekari uppbyggingar á flugvelli fyrir kennslu- og einkaflug.

Þá var flugvöllurinn á Stóra-Kroppi byggður upp og er í dag nýttur fyrir kennslu-, æfinga- og einkaflug. Flugvöllur á Selfossi er ekki í eigu ríkisins en til hans hafa verið veittir styrkir gegn því að hann verði almennt opinn fyrir kennslu-, æfinga- og einkaflug.

Flugvöllurinn á Sandskeiði var einnig byggður upp og er hann í dag notaður fyrir sviffflug og snertilendingar flugvéla í æfinga- og kennsluflugi. Nýlega voru kannaðir möguleikar á að koma þar fyrir aðstöðu fyrir kennslu- og einkaflug en heilbrigðisyfirvöld á svæðinu lögðust gegn því vegna nálægðar við vatnsból höfuðborgarsvæðisins.

4. *Hvenær er gert ráð fyrir því að framkvæmdir við gerð flugvallarins hefjist?*

Sjá svar við 1. tölul. fyrirspurnarinnar.